



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 1.2

Dags.: 16. febrúar 2016

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

### 1.1. Vörukenni **SOLVENT NAFTA 70/170 (Shellsol A100)**

1.2. Tilgreind notkun Á rannsóknarstofum. Efnasmíði. Málningariðnaður.

1.3. Söluaðili Skeljungur hf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
444 3000

Sími:

Tengiliður: [msds@skeljungur.is](mailto:msds@skeljungur.is)

Veffang: [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP-FLOKKUN

Eldf. vökvi 3; H226

Eit. v. ásvelg. 1; H304

STOT SE 3; H335, H336

### 2.2. Merkingaratriði

Hættumerki



Viðvörðunarorð

Hættusetningar (CLP)

Hætta

H226 – Eldfimur vökvi og gufa.

H315 – Veldur húðertingu.

H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.

H335 – Getur valdið ertingu í öndunarfærum.

H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.

Varnaðarsetningar (CLP)

P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.

P301+P310+P331 – EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni. EKKI framkalla uppköst.

P370+P378 – Ef eldur kemur upp: Notið sand, koltvísýring eða slökkviduft til að slökkva eldinn.

P403+P235+P233 – Geymist á vel loftræstum stað.

Geymist á köldum stað. Ílát skal vera lukt.

Aðrar setningar

EUH066 – Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

### 2.3. Aðrar hættur

PBT/vPvB-mat

Efnið er hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.1. Efni

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Leysiefnanafta	CAS#: 64742-95-6 EINECS#: 918-668-5 REACH#: 01-2119455851-35	<=100	Eldf. vökvi 3; H226 Eit. v. ásvelg. 1; H304 STOT SE 3; H335, H336

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

## 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLÞ

### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálþ

<b>Almennt</b>	Leitið lækni og sýnið þetta öryggisblað.
<b>Eftir innöndun</b>	Færið viðkomandi í ferskt loft. Ef hann andar ekki, beitið blástursaðferð. Leitið lækni.
<b>Eftir snertingu við augu</b>	Skolið vandlega með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur, einnig undir augnlökum. Leitið lækni.
<b>Eftir snertingu við húð</b>	Þvoið með sápu og miklu vatni.
<b>Eftir inntöku</b>	Ekki framkalla uppköst. Skolið munninn með vatni. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. Leitið lækni.

### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

<b>Einkenni og áhrif</b>	Hætta á köfnun. Sljóleiki, skert skynjun og samhfæing hreyfinga, hæg viðbrögð, svefnhöfgi.
--------------------------	--

### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

<b>Meðhöndlun</b>	Engin sérstök meðhöndlun.
-------------------	---------------------------

## 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

### 5.1. Slökkvibúnaður

<b>Viðeigandi</b>	Alkóhólþolin froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.
<b>Óviðeigandi</b>	Vatnsbuna.

### 5.2. Sérstök hætta af blöndunni

<b>Sérstök hætta</b>	Gufur frá leysiefnum eru þyngri en loft og geta borist með gólfi. Við ófullnægjandi loftræstingu geta gufur safnast saman og valdið sprengihættu.
<b>Myndefni við bruna</b>	Kolefnisoxíð.

### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

<b>Ráðgjöf</b>	Slökkviliðsmenn skulu nota fersklöftstæki. Safnið slökkvivatni sérstaklega. Kælið ílát með vatnsúða.
----------------	--

## 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

<b>Ráðstafanir</b>	Rýmið nærliggjandi svæði. Tryggið næga loftræstingu. Gufur geta safnast fyrir í lægðum og valdið sprengihættu. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk frá. Notið persónuhlífar. Varist innöndun gufu og úða. Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Fjarlægið íkveikjugjafa.
--------------------	--

### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

<b>Ráðstafanir</b>	Hindrið frekari leka ef mögulegt án áhættu. Látið ekki berast í niðurföll, yfirborðsvatn eða grunnvatn.
--------------------	---

### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

<b>Aðferðir og efni</b>	Þekið niðurföll. Safnið með ísogsefni (kísilgúr, sandi, alhliða bindiefni). Setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við lög og reglur.
-------------------------	--

### 6.4. Tilvísun í aðra liði

<b>Aðrir liðir</b>	Sjá liði 8 og 13.
--------------------	-------------------

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

<b>Ráðstafanir</b>	Varist snertingu við húð og augu. Varist innöndun gufu eða úða. Haldið fjarri íkveikjugjöfum. Reykingar bannaðar. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragni. Jarðtengið og spennujafnið ílát og viðtökubúnað. Gufur eru þyngri en loft, berast með gólfi og geta myndað sprengifima blöndu við loft.
<b>Hreinlæti</b>	Ekki matast, drekka eða reykja við meðhöndlun. Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags.

### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

<b>Geymsla</b>	Geymið í luktum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Haldið fjarri hita, heitum flötum, neistum, opnum eldi og öðrum íkveikjugjöfum. Hlífið við beinu sólarljósi. Reykingar bannaðar. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragni. Lokið ílátum tryggilega aftur og geymið í uppréttri stöðu til að hindra leka.
----------------	---

### 7.3. Sérstök notkun

<b>Sérstök notkun</b>	Sjá lið 1.2.
-----------------------	--------------

## 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

**Almenn atriði** Hugði að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum eignum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tiltekna aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

#### Váhrifamörk á vinnustað

CAS	8 klst. TWA	Skammtíma (15 mín)	Upplýsingar
64742-95-6	100 mg/m <sup>3</sup>	200 mg/m <sup>3</sup>	Þýskalend

#### DNEL

Hópur	Íkomuleið	Váhrif	Þakgildi
Starfsmaður	Innöndun	Langvinn, altæk	150 mg/m <sup>3</sup>
Starfsmaður	Húð	Langvinn, altæk	25 mg/kg-líkamsþ./dag
Neytandi	Innöndun	Langvinn, altæk	32 mg/m <sup>3</sup>
Neytandi	Inntaka	Langvinn, altæk	11 mg/kg-líkamsþ./dag
Neytandi	Húð	Langvinn, altæk	11 mg/kg-líkamsþ./dag

### 8.2. Váhrifavarnir

#### Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

#### Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo.

#### Til hlífðar augum

Notið viðurkennd öryggisglæraugu með hliðarvörn (EN166).

#### Til hlífðar húð

Notið efnaþolinn hlífðarfatnað úr eldtefjandi efni.

#### Til hlífðar höndum

Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374.

Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuaðstæðum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni).

Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími):

Akrýlnítríl-bútadíengúmmi; 0,40mm; 480 mín.

#### Til hlífðar öndun

Notið öndunargrímu ef efnið meðhöndlað í luktum rými við hækkað hitastig. Gerð síu: A (EN140).

#### Til verndar umhverfi

Losið ekki í niðurföll.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Litarlaust
Lykt	Römm
pH-gildi	Óákvarðað
Bræðslumark	-30°C við 1,013 mbör
Suðumark	140-200°C við 1,013 mPa
Blossamark	<35°C við 1,013 mbör
Sprengimörk	
- neðri	0,7% rúmm.
- efri	7% rúmm.
Gufuþrýstingur	<1 kPa við 20°C
Eðlisþyngd	0,8 - 0,95 g/cm <sup>3</sup> við 20°C
Vatnsleysni	Óákvarðað
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	Engin gögn
Sjálfsíkveikjuhitastig	400°C
Skriðseigja	0,7-1,7 mm <sup>2</sup> /s við 20°C
Sprengieiginleikar	Getur myndað sprengifima blöndu við loft
Oxunareiginleikar	Ekki oxari
Yfirborðsspenna	28-31 mN/m við 25°C

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Hætta á íkveikju við hækkað hitastig.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Efnið er stöðugt við venjulega notkun og geymslu.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin þekkt.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, eldur, neistar, opinn eldur og aðrir íkveikjugjafar. Notið aðeins búnað og áhöld sem neista ekki.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Oxarar.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Engin þekkt.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

#### Bráð eiturhrif

LD50	Inntaka, rotta	3592 mg/kg
LD50	Húð, kanína	>3160 mg/kg

Húðerting Ekki flokkað.

Augnerting/-skaði Ekki flokkað.

Næming Ekki flokkað.

Stökkbreytandi áhrif Ekki flokkað.

Krabbameinsvaldandi áhrif Ekki flokkað.

Eiturhrif á æxlun Ekki flokkað.

Eiturhrif á þroskun Ekki flokkað.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri

- váhrif í eitt skipti

Getur valdið sljóleika eða svima – miðtaugakerfi.

Getur valdið ertingu í öndunarfærum.

Ásvelgingarhætta

Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.

Aðrar upplýsingar

Endurtekin váhrif geta valdið þurri eða sprunginni húð.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

LC50	Fiskur (onchorhynchus mykiss), 96 klst.	9,2 mg/l
EL50	Halafær (daphnia magna), 48 klst.	3,2 mg/l
EL50	Þörungur, 72 klst.	2,6 mg/l

### 12.2. Þrávirgni og niðurbrotanleiki

Lífbrjótanleiki Niðurstaða: 30,9% (2 dagar) - Brotnar greiðlega niður.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

### 12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engar upplýsingar.

## 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur. Ekki gata, sjóða eða brenna.

Förgun umbúða Fargið óhreinsuðum umbúðum á sama hátt og efninu sjálfu.

## 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

### 14.1. Alþjóðlegar reglur

UN-númer 1268  
Rétt sendingarheiti PETROLEUM DISTILLATES, N.O.S.  
Hættuflokkur 3  
Hættuauðkennisnúmer 30  
Þökkunarhópur III

Flokkunarkóði	F1
Flutningsflokkur	2
Takmarkað magn	5L
Undanþegið magn	E1
EmS	F-E, S-E
Gangakóði	E

## 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

<b>15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis</b>	
<b>Sértek löggjöf</b>	Flokkun, merking og þökkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
<b>Rokgjörn efni</b>	100%
<b>15.2. Efnaöryggismat</b>	
<b>Efnaöryggismat</b>	Efnaöryggismat ekki gert fyrir efnið.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

<b>CLP</b>	H226 – Eldfímur vökvi og gufa. H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. H335 – Getur valdið ertingu í öndunarfærum. H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
<b>Skammstafanir</b>	<b>ADN:</b> Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. <b>ADR:</b> Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. <b>DNEL:</b> Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. <b>IMDG:</b> Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. <b>PBT:</b> Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. <b>PNEC:</b> Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. <b>REACH:</b> Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. <b>TWA:</b> Tímavegið meðaltal. <b>vPvB:</b> Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. <b>STOT RE:</b> Sértek eiturrhif á marklíffæri, endurtekin váhrif. <b>STOT SE:</b> Sértek eiturrhif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti. <b>LC50:</b> Miðgildisbanastyrkur <b>LD50:</b> Miðgildisbanaskammtur

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

<b>Endurskoðun</b>	16. febrúar 2016.
<b>Útgáfa</b>	1.2.
<b>Gert þann</b>	10. apríl 2016.
<b>Þýðing og uppsetning</b>	Reynir Hjálmarsson
<b>Heimild</b>	DHC Solvent Chemie GmbH, <a href="mailto:productsafety@dhc-solvent.de">productsafety@dhc-solvent.de</a>